


Tónleikar

Sólveig Thoroddsen	harpa
Freyr Sigurjónsson	flauta
Hlíf Sigurjónsdóttir	fiðla
Martin Frewer	víóla
Pórdís Gerður Jónsdóttir	selló



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 1. júlí 2025 kl. 20:30

Brasilíska tónskáldið, hljómsveitarstjórinn, selló- og gítarleikarinn **Heitor Villa-Lobos**, var talið eitt af mikilvægustu tónskáldum 20. aldar í Brasilíu og með þekktustu tónskáldum Suður Ameríku. Eftir hann liggja yfir 2000 tónverk af ýmsum toga. Í verkum hans má heyra greinileg áhrif brasilískra þjóðlaga, en einnig hefðbundinn klassískan evrópskan stíl. Hans þekktasta verk er tvímælalaust *Bachianas Brasileiras* sem vísar í tengsl Brasilískrar tónlistar við tónlist J.S. Bach.

Quintette instrumental samdi Heitor árið 1957 að beiðni samnefnds hljóðfærakvintetts sem frumflutti það 5 árum síðar í Rio de Janeiro.

Á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar var **Maurice Ravel** talið eitt merkasta tónskáld Frakka, jafnframt því sem hann var píanóleikari og hljómsveitarstjórnandi. Hann fæddist í fransk-baskneska bænum Ciboure, nam þar píanóleik og stundaði síðan framhaldsnám við Conservatoire de Paris. Í tónverkum hans heyrast barrok og nýklassík og síðar jazz, en mest ber þó á baskneskum áhrifum.

Hann samdi *Sonatine* (M40) á árunum 1903–05 og ber þar mikið á baskneskum hljómi og tónfalli, enda er menuet kaflinn að uppi-stöðu basknesk vögguvísa.

Charles Moise León Salzedo (1885 – 1961) var franskur hörpuleikari, píanóleikari og tónskáld. Ungur missti hann móður sína og var sendur í fóstur hjá baskneskri konu í Biarritz, skammt frá fæðingarbæ Ravel, sem gekk honum í móður stað. Það fóstur hafði mikil áhrif á framtíð hans í tónlist. Árið 1913 stofnaði hann tríóið *de Lutèce* með flautu- og sellóleikara og fluttu þeir meðal annars fyrrgreinda sónatínu Ravel sem Charles hafði umritað fyrir hörpu, flautu og selló og nefnt *Sonatine en Trio*. Hann skrifaði Ravel, sagði honum frá umrituninni og að hann vildi gjarnan fá álit hans á verkinu. Nokkru seinna flutti tríóið umritunina í París að Ravel viðstöddum. Að loknum tónleikunum varð Ravel að orði: „Hvers vegna datt mér þetta ekki í hug?“

Eftir að hafa starfað í franska sjóhernum um hríð, meðal annars í austurlöndum fjær, sneri **Albert Roussel** sér að námi í tónsmíðum og endaði sem eitt af fremstu tónskáldum Frakka á millistríðsárunum. Meðal nemenda hans voru Erik Satie og Bohuslav Martinů. Hann vann allt frá impressionisma yfir í nýklassík og einnig varð hann fyrir áhrifum frá jassinum. *Sérénada* ópus 30 samdi hann árið 1925 og tileinkaði René le Roy, flautuleikara *Quintette instrumental* sem frumflutti hana það sama ár – fyrir réttum eitthundrað árum.

Efnisskrá

Heitor Villa-Lobos
1887–1959

Quintette instrumental

- I Allegro non troppo
- II Lento
- III Allegro poco moderato

Maurice Ravel
1875–1937

Sonatine *

- I Modéré
- II Mouvement de Menuet
- III Animé

Albert Roussel
1869–1937

Sérénade

- I Allegro
- II Andante
- III Presto

* Útsett fyrir hörpu, flautu og selló af Charles Moise León Salzedo og þá nefnt *Sonatine en Trio*

Síðari tónleikar sumarsins

Þriðjudaginn 8. júlí kl. 20:30

„Í morgun sá ég stúlku“ – um æskuástir og rómantík

Trío Ljósa: Diet Tilanus fiðluleikari, Guja Sandholt söngkona og Heleen Vegter píanóleikari. Íslensk þjóðlög í nýrri útsetningu Helga R. Ingvarssonar, einnig írsk og skosk þjóðlög og ljóðaflokkur Hildigunnar Rúnarsdóttur við ljóð Þórs Sandholt.

Þriðjudaginn 15. júlí kl. 20:30

Ferð með Konstantin Zvyagin um Niflungahring Wagners

Konstantin Zvyagin píanóleikari leikur Svítu í 8 myndum, sem eru hans eigin umritanir úr Niflungahring Wagners. Í samstarfi við Wagnerfélagið á Íslandi.

Þriðjudaginn 22. júlí kl. 20:30

Sjávargolan

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzo-sópran og **Siu Chui Li** píanóleikari flytja suðræna og sumarlega dagskrá. Efnisskráin er spunnin í kringum tvö verk eftir Maurice Ravel og er ferðalag um franskar sveitir, til Spánar og endar í Feneyjum.

Föstudaginn 25. júlí kl. 20:30 – aukatónleikar

Lóa

Dúóið Lóa sem kemur vestan um haf, mynda þær **April Clayton** flautuleikari og **Kristi Shade** hörpuleikari. Flytja þær verk eftir Arnold Bax, Atla Heimi Sveinsson, Daniel Dorff, Jean-Michel Damase og Þórð Magnússon.

Þriðjudaginn 29. júlí kl. 20:30

Bach, Boulanger og íslensk tónlist á harmóníku

Ásta Soffía Þorgeirsdóttir harmóníkuleikari. Klassísk tónverk Johanns Sebastian Bach og Nadiu Boulanger, nýjar tónsmíðar eftir Hauk Tómasson og Ásbjörgu Jónsdóttur og útsetningar Ástu Soffíu á íslenskum sálum, þjóðlögum og tangóum.

Þriðjudaginn 5. ágúst kl. 20:30

Hjörleifur Valsson fiðluleikari og **Ourania Menelaou** píanó- og trommuleikari leika Sónötu fyrir fiðlu, píanó og trommur eftir George Johann Carl Antheil, Fimm stykki fyrir fiðlu og píanó eftir Ottorino Respighi og Sónötu fyrir fiðlu og píanó eftir Alfred Schnittke.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert*



Sólveig Thoroddsen nam klassískan hörpuleik við Royal Welsh College of Music and Drama (Coleg Brenhinol Cerdd a Drama Cymru) í Cardiff í Wales og útskrifaðist með Bmus-gráðu í júlí 2013. Næstu þrjú árin nam hún leik á barokk- og endurreisnarhörpur, með áherslu á þríraðahörpu, við Hochschule für

Künste Bremen, þaðan sem hún útskrifaðist í júlí 2016.

Sólveig hefur komið fram á tónlistarhátíðum og í tónleikaröðum í Evrópu og Mið-Ameríku, meðal annars Sumartónleikum í Skálholti, XVIII Festival Internacional de Música Barroca Santa Ana í Kosta Ríka, Celebrating Sanctuary í London og 31 Festival de Música BAC Credomatic í Kosta Ríka og leikið með hópum á borð við capella santa croce og Ensemble Elegos. Einnig hefur hún tvisvar séð um tónlistarflutning í árlegu jólaævintýri Bremer Shakespeare Company.

Í desember 2019 gaf hún út sinn fyrsta geisladisk, *Snotrur*, þar sem hún syngur við eigin undirleik á mismunandi hörpur og finnska strengjahljóðfærið kantele. Á disknum *Consort of Two*, sem kom út hjá þýska plötufyrirtækinu arcantus árið 2023, flytur hún enska endurreisnartónlist ásamt kostaríska lútuleikaranum Sergio Coto Blanco.



Freyr Sigurjónsson flautuleikari lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði framhaldsnám við Royal Northern College of Music í Manchester. Meðal leiðbeinenda hans voru Trevor Wye, William Bennett og Patricia Morris. Að loknu diplomaprófi þaðan 1982 var hann ráðinn fyrsti flautuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bilbao á Spáni og starfaði þar óslitið í 40 ár.

Freyr hefur leikið með hljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu og í Japan, bæði sem einleikari og fyrsti flautuleikari, til dæmis með útvarps-hljómsveitinni í Madrid og kammersveitinni Moskvu Virtuosi. Flautukonsert eftir Carl Nielsen var frumfluttur, bæði á Spáni og Íslandi, af Frey. Hörpur- og flautukonsert Mozarts er einnig vinsæll í flutningi

Freys og hefur hann leikið hann með mjög virtum hörpuleikurum, meðal annars þeim Marisa Robles, Maria Rosa Calvo-Manzano og Marion Desguace.

Freyr er eftirsóttur kennari og hefur kennt á fjölmörgum námskeiðum í Cantabríu og Andalusíu á Spáni og Trinity Laban tónlistarháskólann í Greenwich á Englandi. Í október 2020 fékk Freyr tækifæri til að flytja flautukonsert sem Jón Ásgeirsson hafði samið og tileinkað Frey 1999. Var þetta frumflutningur konsertsins utan Íslands með Sinfóníuhljómsveit Bilbao undir stjórn bandaríska stjórnandans, Erik Nielsen.



Hlíf Sigurjónsdóttir fæddist í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið

fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn *DIALOGUS* út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Hlíf er annt um íslenska menningu og sögu klassískrar tónlistar á Íslandi og sá til dæmis um útgáfu geisladisks 2020 með fiðluleik Björns Ólafssonar úr fórum RÚV. Hlíf hefur verið umsjónarmaður Sumartónleika Listasafns Sigurjóns frá upphafi.



Martin Frewer fæddist í bænum Dartford í úthverfi Lundúna og hóf að læra á píanó sex ára gamall í Dorset og nokkru síðar einnig á fiðlu. Hann stundaði nám í Oxford University, þaðan sem hann útskrifaðist með gráðu í stærðfræði, en samtímis sótti hann fiðlu-tíma hjá Yfrah Neaman. Eftir útskrift frá Oxford hélt hann áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Martin hefur sótt tíma og tekið þátt í opnum kennslustundum hjá Igor

Ozim, Martin Loveday, Eric Gruenberg, Almita og Roland Vamos, Peter Guth, Ake Lundeberg og Lin Yaoti.

Árið 1983 var Martin ráðinn til starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur búið hér síðan – fyrir utan eitt ár sem hann starfaði í Bretlandi– og unnið jöfnum höndum að hönnun tölvuhugbúnaðar og fiðluleik. Í dag er hann sjálfstætt starfandi fiðlu- og víóluleikari, jafnt á nútíma sem barrokk hljóðfæri, og er mjög laginn útsetjari. Hann er stofnandi og leiðtogi kammersveitarinnar Spiccato og undanfarið hefur hann verið konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Austurlands.



Þórdís Gerður Jónsdóttir er sellóleikari sem hefur þá sérstöðu að leika jöfnum höndum sígilda tónlist og jazz. Síngildan sellóleik nam hún við Listaháskóla Íslands á árunum 2014–17 og í konunglega danska konservatoríinu í Árósum, en þaðan lauk hún meistaragráðu sumarið 2021. Þórdís lauk burtfararprófi frá jazzdeild Tónlistarskóla FÍH vorið 2015 en í náminu lagði hún áherslu á spuna og tónsmíðar. Þórdís er

stofnmeðlimur kammerhópsins Cauda Collective sem hefur vakið eftirtekt fyrir frumlegt verkefnaval og útvíkkun á hlutverki hins klassíska flytjanda. Hún hefur leikið reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 2018 og hefur verið í leikhúshljómsveitum Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins. Árið 2021 gaf hún út hljómplötuna Vistir með hennar eigin jazz–tónsmíðum og útsetningum, og í liðnum maímán-

uði hljóðritaði hún aðra plötu, einnig með eigin lögum sem innblásin voru af íslenskum ljóðum. Sem tónskáld og útsetjari hefur hún samið og útsett fyrir Stórsveit Reykjavíkur og útsett fyrir Mugison.

Árið 2014 lauk Þórdís námi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og viðbótardiplómu í lýðheilsuvísindum vorið 2019 og starfar við það á bráðamóttöku Barnaspítala Hringssins.



SAMSKIPTI 
prentlausnir fyrir skapandi fólk



styðja Sumartónleika Listasafns Sigurjóns Ólafssonar